

Svar til Vegagerðarinnar við fyrirspurn um innanlandsflug til Hornafjarðar

Móttakandi: Vegagerðin

Dags: 25.05.2025

Höfundur: Sigurjón Andrésson

Vegagerðinni var falið það verkefni af innviðaráðuneytinu að gera heildarendurskoðun á flugi á Íslandi. Til þess að mögulegt sé að vinna þetta verkefni fengum við þessar spurningar er þess hér með farið á leit við sveitarfélagið Hornafjörður, að það leggi fram eftirfarandi upplýsingar:


1. Mat sveitafélagsins í íbúabróun í sveitarfélaginu til næstu 10 – 15 ára.

Íbúum Hornafjarðar hefur fjölgað á talsvert undanförunum árum og sú þróun mun halda áfram.

Byggt á nýjustu greiningum og húsnæðisáætlun sveitafélagsins er gert ráð fyrir hægfara og stöðugri fjölgun íbúa, sérstaklega í þéttbýlinu á Höfn sem er nærri flugvelli.

Gert er ráð fyrir íbúaaukningu sem fylgir fjölgun starfa í ferðaþjónustu, sjávarútvegi og opinberri þjónustu, sem og með aðkomu nýrra íbúa vegna síaukins vinnuafþsparfar.

Hér er mannfjöldaspa úr síðustu húsnæðisáætlun, miðspá og háspá. Síðustu ár höfum við ætíð legið í háspánni



2. Mat sveitafélagsins á atvinnuþróun í sveitarfélaginu til næstu 10 – 15 ára.

Atvinnulíf í sveitarfélaginu byggir einkum á tveimur öflugum stoðum: sjávarútvegi og ferðaþjónustu en líka á opinberri þjónustu. Horfur eru á áframhaldandi styrkingu í báðum

undirstöðuatvinnugreinunum og þjónustu tengdum þeim. Gríðarleg uppbygging og fjárfesting er í báðum greinum í Hornafirði í dag - mikið framkvæmt og mjög mikið í kortunum.

Þróun atvinnulífsins mun í stöðugt auknum mæli krefjast aukinna flutnings- og samgöngutenginga, bæði fyrir íbúa og gesti, og er innanlandsflug þar lykilatriði.

3. Hvaða þættir hafa áhrif á samgöngur í sveitarfélaginu sem sveitarfélagið telur skipta máli sérstaklega hvað varðar flugsamgöngur.

Samgöngur til og frá Hornafirði byggja á:

- Langri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu (yfir 450 km akstur, sem tekur um 6 klst. m.v. góðar kringumstæður. Auk þess er langt í næstu þéttbýliskjarna svo alla þjónustu sem ekki er í boði á staðnum þarf að sækja um langan veg.
- Veðurfari og árstíðabundnu ástandi vega, sem gerir reglubundið og öruggt innanlandsflug afar mikilvægt.
- Þörf fyrir aðgengilega og hagkvæma leið fyrir íbúa, fyrirtæki, opinbera aðila og ferðamenn til að komast til og frá svæðinu.
- Mikilvæg tenging fyrir sérfræðinga og ráðgjafa sem vinna með sveitarfélaginu – rekstur krefst flugs sem styður við dagleg verkefni.
- Mikil eftirspurn eftir flugi sem þó er takmörkuð í tíðni og sætum – ófá dæmi eru um að öll sæti séu uppseld með löngum fyrirvara.
- Tíðni flugs er mikilvægari en sætafjöldi – nauðsynlegt er að lágmarki tvö flug á dag að minnsta kosti tvo til þrjá virka daga í viku (helst mánudaga og föstudaga), þannig að hægt sé að nýta vinnudag annaðhvort í Reykjavík eða Hornafirði.

4. Félagslegir þættir sem áhrif geta haft á flug á svæðinu.

- Aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun og sérfræðiþjónustu byggir að miklu leyti á tengingu við höfuðborgarsvæðið. Flug spilar afar mikilvæga rollu þar.
- Tillit þarf að taka til aldurssamsetningar íbúa – eldra fólk og fjölskyldur með börn þurfa greiðan aðgang að þjónustu utan svæðis.
- Aukin áhersla á að laða ungt fólk aftur heim eftir nám eða annað – reglulegt og öruggt flug er mikilvægur þáttur sem fólk horfir til þegar það velur sér búsetu og störf.
- Öruggar samgöngur stuðla að samfélagslegum stöðugleika á svæðinu.
- Umferðarpungi á Suðurlandi hefur margfaldast á undanförunum árum með tilheyrandi álagi á vegakerfið og áskorunum tengdum umferðaröryggi. Í tengslum við það velja íbúar frekar að fljúga en að keyra, bæði vegna mikillar umferðar og hættuástands á vegum.